



Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 6. tbl. desember 2009

Félagsfundur verður haldinn í Tannlæknafélagi Íslands í félagsheimilinu að Síðumúla 35, fimmtudaginn 10. desember og hefst kl. 18.00.

Rúnar Vilhjálmsson prófessor mun segja frá niðurstöðum sínum varðandi útgjöld heimilana til heilbrigðismála þar sem við tannlæknar komum við sögu.

Kvöldverður að hætti Eldhúss Sælkerans og eru kokkarnir í jólaskapi.

Munið að skrá ykkur í matinn til að áætla veisluföng. Skráning á tannsi@tannsi.is eða í síma 575 0500

Dagskrá félagsfundar hefst að snæðingi um kl. 20.00 með hefðbundinni dagskrá.

**Félagsmál
Önnur mál**

Vegna fjölda áskorana verður Videómyndin sýnd aftur

"KOKKUR Á SLÓÐ ÚTRÁSARVÍKINGA"

VEIT PUNKTAR

Vinsamlega sendið skrifstofu upplýsingar, vegna endurmenntunar sem þið hafið sótt á liðnu ári.

VEIT merkingar (Virk endurmenntun íslenskra tannlækna) í símaskrá þurfa að berast fyrir miðjan janúar.

tannsi@tannsi.is

fax: 575-0501



Essasú sem ert að kaupa Xylocain rörlykju á 107kr en 45kr í mars 2006? Essasú?

Enn um endurreisn tannheilsu íslenskra barna.

Nú eru liðin tuttugu ár síðan Alsheljarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti sáttmála um réttindi barna. Sáttmálinn sem oft er nefndur Barnasáttmáli var seinna staðfestur af íslenskum stjórnvöldum. Nú kann einhver að hugsa sem svo hvað Barnasáttmálinn komi tönnum við en það vill svo til að í téðum sáttmála er sérstaklega tekið fram að tryggja eigi öllum börnum nauðsynlega lækni- og heilbrigðisþjónustu. Tennur og tannheilsa eru mikilvægur þáttur í heilbrigði hvers barns og því mikilvægt að tryggt sé að barn hafi greiðan aðgang að tannheilsu-gæslu. Hér á landi er það því miður ekki raunin og hefur ekki verið undanfarin ár. Sýnt hefur til dæmis verið fram á að beint samband er milli tannskemmdartíðni barna og tekna fjölskyldna þeirra og hefur þessi vitneskja legið fyrir í þó nokkur ár. Efnaminni fjölskyldur hafa því ekki sama aðgengi að tannheilsugæslu fyrir börn sín vegna þess að stjórnvöld þessa lands hafa stöðugt dregið úr greiðsluþátttöku vegna tannlækninga. Ég fullyrði að stjórnvöld og heilbrigðisyfirvöld hafa sýnt börnum þessa lands vanrækslu á háu stigi og skellt skollaeýrum við viðvörðunum tannlækna og þeirra sem láta sig tannheilbrigði varða. Við sem störfum á tannlæknastofum verðum því miður vitni að afleiðingum þessa í hverri viku á stofum okkar og var það þyngra en tárur taki að starfa á Hjálparvakt tannlækna sl. vetur og upplifa þá neyð sem sum þessara barna eru í. Litlar líkur eru á að þessi Hjálparvakt verði endurtekin því Tannlæknafélag Íslands stóð eftir með töluverðan kostnað sem svona lítið félag getur ekki staðið undir til lengdar. Tannlæknar hafa þó í einhverjum mæli verið að aðstoða börn og unglunga sem búa við kröpp kjör gegnum ýmis hjálparsamtök sem starfandi eru hér á land.

Tannheilsa er langhlaup.

Tannheilsa er langhlaup og er ekki hægt að bjarga henni fyrir horn með litlu átaki. Við þekkjum samt alla þá áhættuþætti sem koma við sögu og höfum öll þau meðul og mannskap sem þarf til að viðhalda góðri tannheilsu. Skiptir þar mestu góðar venjur og gott matarræði ásamt því að mæta reglulega til tannlæknis og fá þar þær forvarnir sem eiga við í hverju tilfalli fyrir sig. Mikilvægt er að tannlæknir geti greint börn sem eru í áhættuhóp fyrir tannskemmdum og veitt þeim þá meðferð sem þau þurfa tafarlaust og á skilvirkan hátt. Við hættum t.d. ekki að bólusetja þó ekkert bóli á sjúkdómnum. Nú reynir á yfirvöld sem aldrei fyrr að endurreisa tannheilsu íslenskra barna. Bæði þarf að bregðast við þeim mikla vanda sem nokkuð stór hluti barna glímur við og eins að stórauka forvarnir til tannlækninga bæði í skólum og á tannlæknastofum. Við þurfum ekki enn eitt loforðið, bara að þetta sé gert!

Afgangur af fjárlögum!

Eins undarlega og það kann að hljóma þá hefur verið afgangur af fjárlögum til tannlækninga síðustu átta til tíu ár. Hvernig má það vera að sú upphæð sem ákveðin er til tannlækninga ár hvert af Alþingi skili sér ekki til þegna landsins? Hvernig getur eiginlega staðið á þessu þegar þörfin er æþandi á okkur dag hvern og nú stefnir allt í að metafgangur verði fyrir árið 2009? Hér eru það aðeins þeir tekjuhærrí sem einir geta nýtt sér almannatryggingakerfið. Hinir nýta sér ekki styrk ríkisins. Þetta veldur m.a. því að kerfið viðheldur versnandi tannheilsu íslenskra barna. Núverandi fyrirkomulag, sem stuðlar versnandi tannheilsu,

er hluti af þeirri góðu heilbrigðisþjónustu sem við teljum okkur hafa eða er það kannski bara tálsýn? Nýjustu upplýsingar sýna núna að undanfarna mánuði hefur sú upphæð sem greidd er til tannlækninga úr ríkissjóði minnkað um 20% miðað við sama tímabil fyrir ári. Hér er líklegasta skýringin versnandi efnahagsástand og afkoma heimila sem skilar sér í færri heimsóknum og verri heimtum barna til tannlækna. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar síðan stöðugt hlutfallslega þrátt fyrir afgang af því fé sem Alþingi veitir þó til þessa málaflokks. Hvernig ætla stjórnvöld að verja þessa staðreynd að afgangur er á hverju ári af fjárlögum til tannheilsugæslu? Hvernig ætla þau að koma í veg fyrir að vinnandi fólk, barnafólk sem kemur til með að bera byrðar Hrungsins, flytjist ekki úr landi og setjist að þar sem yfirvöld tryggja jafnan aðgang barna að heilbrigðisþjónustu eins og lögð er áhersla á í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?

Sigurður Benediktsson, formaður TFÍ



Af gefnu tilefni eru félagsmenn beðnir um að fara eftir siðareglum Tannlæknafélags Íslands við upplýsingagjöf í símaskrá og ja.is.

Í 22. grein siðaregla stendur:

Hann (tannlæknir) má heldur ekki villa heimildir á lækningakunnáttu sinni.



Esssasú sem ert að kaupa núna Impregum penta á 40.200kr en 28.900kr í mars 2006? Esssasú

Árshátíð TFÍ 2009

Árshátíð TFÍ var haldin á Hilton hótél þann 14. nóvember s.l. Þetta er þriðja árið í röð sem félagið heldur árshátíð en um árabíl hefur viðburðurinn aðeins verið í boði annað hvert ár. Í þetta sinn sá nýkjörinn skemmtinefnd, "Kokkurnar", um fjörið. Góð mæting var á árshátíðina enda mikill uppgangur í félagslífi tannlækna um þessar mundir.

Kvöldið byrjaði á því að skemmtinefnd tók á móti gestum og leiddi þá til myndatöku í móttökusal áður en gengið var í borðsalinn. Myndasmiðurinn Frosti Heimisson tók stórgóðar myndir í gamni og alvöru af þrjúbúnum gestunum.

Skemmtidagskráin byrjaði á atriði þar skemmtinefndin söng gamanmál við undirleik fyrrum skemmtanastjóra félagsins, Gunnars Róasarssonar. Tóku svo veislustjórar kvöldsins, þeir Gunnar Leifsson og Þorsteinn Páll Hængsson við stjórninni og fórst það vel úr hendi þótt ekki hafi allt sem sagt var verið við hæfi viðkvæmra! Ræða kvöldsins var í höndum Ingólfs Eldjárns. Hann er þekktur fyrir að koma vel fyrir sig orði og brást honum ekki bogalístin þetta skiptið og flutti snilldarræðu. Hera Björk Þórhallsdóttir heillaði svo veislugesti með glæsilegum söng. Rúsínan í pylsuendanum var svo frumsýning myndarinnar "Kokkur á slóð útrásarvíkinga" en mynd þessi varð til þegar skemmtinefndin, öðru nafni Kokkurnar, brá sér ásamt mökum til Sviss í haust. Ferðin var sérstaklega farin til að búa til skemmtiatriði fyrir árshátíðina og varð ferðin stórskemmtileg fyrir vikið! Mikil eftirspurn hefur verið eftir endursýningu á myndinni og verður hún sýnd á næsta félagsfundi TFÍ- látið það ekki framhjá ykkur fara!

Maturinn var sérlega ljúffengur og skreyttu veislugestir sjálfir salinn undir borðum þar sem myndirnar af þeim voru látnar rúlla undir borðhaldinu. Ekki er laust við að sumum hafi þó þótt þjónustan lítið eitt undarleg- eða

á köflum kannski stórfurðuleg ef ekki dónaleg! Kom í ljós í lok borðhaldsins að þar voru á ferð félagar tveir sem bregða sér í þjónsbúning í þeim tilgangi að ganga fram af gestum og "skemmta" þeim. Einhverjum var eflaust létt þegar þeir gáfu

sig loks fram og kynntu sig sem leikara.

Hljómsveitin Tannbrot spilaði fyrir dansi og vel var mætt á gólfið. Daddi diskó tók svo við og hélt uppi stuði fram á nótt. Skemmtinefndin "Kokkurnar" þakka öllum sem komu á árshátíðina kærlega fyrir skemmtilegt og vel heppnað kvöld. Við erum þegar byrjaðar að huga að þeirri næstu.... Látið ykkur ekki vanta að ári!

Petra Sigurðardóttir



Glaðir á góðri stund, Birgir, Geir, og Helgi á árshátíð '09



Vátryggingafélag Íslands bauð tannlæknum í móttöku í húsakynnum sínum 13. nóvember s.l. Tilfnið var að fagna 38 ára gömlum samningi sem TFÍ gerði við tryggingafélagið um hóprýggingu tannlækna, þetta er elsti samningurinn sem tryggingarfélagið hefur gert, sem er í gildi og sýnir framsýni þeirra manna sem stóðu að samningnum.

Við þetta tækifæri færði Hafsteinn Ragnarsson hjá VÍS, félaginu veggklukku að gjöf og tók formaður félagsins Sigurður Benediktsson við gjöfinni og þakkaði fyrir. Hann gat þess að það kæmi sér vel nú vegna þess að nú væru ákvæði í samningnum að tannlæknar haldi tímaáætlun á stofum sínum.

Þess má geta að upphaflega voru 35 félagsmenn tryggðir en í dag eru þeir um 180.



ESSASÚ sem ert að kaupa kompósít á 13.200kr en 6.400kr í mars 2006? ESSASÚ?

"Á jaðri fagsins"

Janúarkúrs dagana 15. og 16. janúar 2010
í félagsheimili tannlækna

Föstudagur 13.00-14.00	Hádegisverður
14.00-14.40	Júlíus Schopka <i>Nýjasta nýtt í lyfjafræði fyrir tannlækna</i>
14.40-15.10	Svend Richter <i>Skinnur við kæfisvefni og hrotum</i>
15.10-15.40	Kaffi
15.40-16.10	Jón Bragi Bergmann <i>Róandi lyf og svæfingar í tannlæknapraxis</i>
16.10-16.55	Guðmundr Á Björnsson <i>Græðsla tanndráttarsár og „Dry Socket“</i>
17.00	Móttaka hjá Lúkasi D Karlssyni Síðumúla 27a, 108 Reykjavík
Laugardagur 09.00-09.30	Morgunverður
09.30-10.30	Hjördís Harðardóttir hrl. <i>Lagaumhverfi tannlækna gagnvart sjúklingum</i>
10.30-11.00	Kaffi
11.00-11.40	Sigríður Sverrisdóttir <i>Skyndihjálp og bráð veikindi.</i> <i>Sykursýki, flog, öndunarerfiðleikar (astmi), Brjóstverkur, bráðaofnæmi</i>
11.40-11.10	Ragnar Önundarson <i>Grísk goðafræði og nútíminn.</i> <i>Gömul fræði duga enn í dag.</i> <i>Í lokin verður spjallað dálítið um "HRUNID"</i>

Heimasíðan og viðburðir. Speak out!!

NÚ viljum við fá hugmyndir frá félagsmönnum varðandi heimasíðuna og eins hvaða efni tannlækna vilja fá á kúrsa félagsins. Speak out! Nú er tækifæri á að senda tölvupóst á skrifstofuna með hugmyndum og hvers þið saknið af heimasíðunni. Hvetjum líka tannlækna að senda okkur upplýsingar um viðburði sem þeir hafa sótt t.d. fyrirlestra, vörusýningar o.s.frv. Því frábært væri að geta gengið að því á einum stað. Í gangi eru alltaf mörg þing út um allan heim og við þurfum ekki alltaf að finna upp hjólið þegar við leitum að einhverjum viðburðum. Sendið póst á tanni@tanni.is

Jólaball

Hið árlega jólaball Tannlæknafélags Íslands verður haldið í sal félagsins við Síðumúla 35, **mánudagin 28. desember**

klukkan 16.00 til 18.00

Guðmundur Haukur og jólasveinarnir Kjetkrókur og Skyrgámur skemmta börnum og gefa þeim jólasælgæti að ógleymdum tannbursta og tannkremlum.

Veitingar verða eins og áður frá Eldhúsi Sælkerans m.a. verður boðið upp á heitt súkkulaði með rjóma og nýbakaðar pönnukökur.

1500 krónur fyrir fullorðna, frítt fyrir börnin.



Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 18. desember með tölvupósti til félagsins tanni@tanni.is til að áætla þátttöku.

**Munið að greiða
desemberuppþótina
70. 800.- fyrir fullt
starf tanntækna og
aðstoðarfólks**

Í dagbókina ykkar

Fyrsti félagsfundur 2010 verður haldinn í Félagsheimili TFÍ, fimmtudaginn 14. janúar, dagskrá auglýst síðar